

acta

lögmannsstofa

Stöumúla 35 ■ 108 Reykjavík
sími 533 3200 ■ fax 533 3201
acta@acta.is ■ www.acta.is

3393

Byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugavatni

Fax 486-1286


Reykjavík, 12.12. 2007

Efni: Byggingarstjórn Benedikts Eggertssonar, 150350-7869.

Vísað er til samtals. Undirrituðum hefur verið falið að gæta hagsmuna framangreinds aðila. Svo sem yður er kunnugt um varð hann fyrir alvarlegu vinnuslysi 27.11. 2007 við vinnu við að byggja sumarhús fyrir Kjarrás ehf., 410391-1209, að Ásborg 1 í Grímsnes-og Grafningshreppi. Liggur hann nú mikið slasaður og rúmfastur á Landspítala í Fossvogi og er honum, eins og sakrir standa, ómögulegt að halda áfram sem byggingarstjóri framangreinds sumarhúss eða annarra sumarhúsa fyrir Kjarrás, en eftir því sem undirritaður kemst næst eru það hús nr. 1, 3, 5, 9, 15 og 17 við Ásborgir í Grímsnes og Grafningshreppi. Vera kann að húsin séu fleiri.

Með vísan til framangreinds tilkynnist yður að framangreindur Benedikt er hættur sem byggingarstjóri á öllum verkum í umdæmi yðar og er þess óskað að við úttekt sem gerð af þessu tilefni verði leitast við að tilgreina stöðu verksins eins og hún var hinn 27.11. 2007 og jafnframt verði leitt í ljós hvaða aðilar hafi haldið verkinu áfram eftir slysið.

Virðingarfyllst,


Arnór Halldórsson hdl.